

# ERINDISBRÉF

## Starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun á þjónustu- og nýsköpunarsviði.

**Ábyrgðarmaður:**  
Óskar J. Sandholt.

### Inngangur:

Íbúar eru hornsteinar í öllu starfi Reykjavíkurborgar. Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun (KFS) er tæki sem Reykjavíkurborg notar til þess að stuðla að auknu jafnrétti og betri nýtingu fjármuna, en markmið KFS er að samþætta mannréttindastefnu og fjármálastefnu borgarinnar og stuðla þannig að réttlátri dreifingu fjármuna og gæða milli kynja og jaðarsettra hópa samfélagsins með tilliti til mismunandi þarfa þeirra.

### Hlutverk:

Hlutverk hópsins er að vinna að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun á þjónustu- og nýsköpunarsviði, skv. reglum um gerð fjárhagsáætlunar.

### Verkefni hópsins eru meðal annars að:

- Skilgreina jafnréttismarkmið sviðsins
- Tryggja að verklagsreglum sem tengjast KFS sé fylgt eftir á sviðinu.
- Vinna greinargerðir í fjárhagsáætlun um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun á sviðinu.
- Leiða verkefni um greiningar á þjónustubáttum í samræmi við verklagsreglur KFS og tíma- og verkáætlun stýrihóps KFS.
- Greina hvaða kyngreindu gögn þarf að safna á sviðinu og finna leiðir til þess.
- Skipa vinnuhópa, eftir þörfum, til að sjá um greiningar á þjónustubáttum og styðja við starf þeirra.
- Leggja fram tillögur um aðgerðir og tryggja að þeim sé fylgt eftir.
- Hafa umsjón með jafnréttisskimunum og jafnréttismati vegna nýrra verkefna eða breytinga á verkefnum í samræmi við verklagsreglur um fjárfestingaáætlun og reglur um gerð fjárhagsáætlunar.
- Hafa umsjón með gerð jafnréttisskimana og jafnréttismats vegna tillagna um auknar fjárheimildar sviðsins (viðauka) í samræmi við verklagsreglur um viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar

### Starfshópurinn skipa:

Karen María Jónsdóttir, skrifstofa þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Kristín Sigrún Guðmundsdóttir, mannauðsstjóri ÞON.

Erlingur Fannar Jónsson, Stafræn Reykjavík.

Gunnar Björnsson, Borgarskjalasafn.

Hópurinn skiptir jafnt með sér verkum.

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfshópurinn mun vinna starf sitt í samráði við verkefnastýru kynjaðrar fjárhagsáætlunar á fjármála- og áhættustýringarsviði, sérfræðihóp KFS sem og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofuskrifstofu. Starfshópurinn mun einnig leita ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

**Starfstími:**

Starfshópurinn er skipaður til tveggja ára í senn. Í janúar 2022 verður hlutverk og samsetning starfshópsins endurmetin.

Reykjavík, 25. janúar 2020

Óskar J. Sandholt